

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1939.

Bráðabirgðalög um breyting á lagaákvæðum um verðtolla, undirskrifuð af konungi 4. janúar 1939, nr. 1.

Opð bréf er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar miðvikudaginn 15. febrúar 1939, undirskrifað af konungi 25. janúar 1939, nr. 2.

Konungsbréf um setning Alþingis, undirskrifað af konungi s. d., nr. 3.

Auglýsing um samning milli Íslands og Danmerkur til að komast hjá tvísköttun af tekjum og eignum, undirskrifuð af forsætisráðherra 31. janúar 1939, nr. 4.

Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Noregs um innflutning á söltuðu, islenzku kindakjöti og um aðstöðu norskra sildveiða við Ísland, undirskrifuð af forsætisráðherra 10. marz 1939, nr. 5.

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í 1 Gullbringu- og Kjósarsýslu, um takmörk verzlunarlóðarinnar í Sandgerði í Miðneshreppi. 16. jan.

Með bréfi, dags. 10. þ. m., hafið þér, herra sýslumaður, sent ráðuneytinu tillögur sýslunefndarinnar í Gullbringusýslu um stækkun verzlunarlóðarinnar í Sandgerði í Miðneshreppi ásamt uppdrætti.

Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905 ákveðið, að téð verzlunarlóð, svo sem hún hefir áður verið ákveðin, skuli stækka um sextíu metra breiða spildu norðan af landi Býjaskershverfis, talið frá mörkum Sandgerðis, sem voru og mörk verzlunarlóðarinnar. Að vestan takmarkast viðbótarlóðin af sjónum, en að austan af beinni framlengingu á aðliggjandi austurmörkum verzlunarlóðarinnar.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í 2 Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, um takmörk verzlunarlóðar á Niðureyju við Straumfjörð í Álftaneshreppi. 22. febr.

Með bréfi, dags. 31. ágúst 1938, hafið þér herra sýslumaður, sent ráðuneytinu tillögu sýslunefndarinnar í Mýrasýslu viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóðar á Niðureyju við Straumfjörð í Álftaneshreppi, ásamt uppdrætti af hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.